

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B96-97

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 96-97

Nr. 731-748

2005

Efnisyfirlit B 96–97 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
731	5. ágúst	Auglýsing um skipulag í Garðabæ	1637
732	20. júlí	Gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar	1638-1643
733	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Ólafsvík.....	1643
734	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, flugvallarsvæði.....	1644
735	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, svæði á horni Skógarlanda og Seyðisfjarðar-vegar	1644-1645
736	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Óseyri, hjáleik fyrir þungaflutninga.....	1645
737	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarhraun.....	1645-1646
738	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, miðsvæði.....	1646
739	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Öndverðarnes	1647
740	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, Búðarstígur 4	1647
741	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000, stækkun viðlegukants og uppfylling á hafnarsvæði ...	1648
742	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, íbúðar- og frístundabyggðarsvæði í landi Hellatúns 1 og Lindarbæjar 1a og 2	1648-1649
743	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, verslunar- og þjónustusvæði við Snæfellsveg, Borgarnesi	1649
744	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar-hrepps 1985-2005, milli Hólsár og skólasvæðis	1649-1650
745	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Barðastaðir í Staðarsveit	1650
746	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í Vaðnesi	1651
747	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Tunguskeið.....	1651
748	27. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Útnesvegur um Klifhraun	1652

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 2005

5. ágúst 2005

1637

Nr. 731

AUGLÝSING um skipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ sem hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Smáraflöt 26.

Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til SV.

Breyting á deiliskipulagi við Smáraflöt 38.

Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til SA.

Breyting á deiliskipulagi við Stekkjarflöt 15.

Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til SA.

Ofangreindar skipulagsbreytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar 5. ágúst 2005,

Bergljót S. Einarsdóttir, skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2005

Nr. 732

1638

20. júlí 2005

GJALDSKRÁ fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1. Gjaldskráin er við það miðuð að Hafnarsjóður Vesturbyggðar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna sbr. 3. gr. 5. tl. hafnalaga. Virðisaukaskattur, 24,5% leggst á öll gjöld við útgáfu reikninga.

Um hafnargjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 8,50 á mælieiningu, skv. 2. gr., en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 4,20 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 55,70 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.950 á mánuði. Bátar minni en 20 bt greiða þó aldrei lægra en kr. 3.975 á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Veittur er 50% afsláttur fyrir frístundabáta í eigu 70 ára og eldri.

Gjald fyrir báta er nýta hafnlegu skemur en 10 daga í mánuði reiknast sem hér segir: Fyrir 1-3 daga 25% af mánaðargjaldi, 4-6 daga 50% og 7-10 daga 75%. Fyrir lengri tíma en 10 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundasakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálft vörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

8. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3 sbr. 11. gr.

9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vöruhegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og hér segir:

1. fl.: Gjald kr. 173 pr. tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 330 pr. tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 355 pr. tonn:
- a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
 - b) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
 - c) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, gylsvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - d) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þýngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald 1,60%

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum.

Gjald af ferskum sjávarafurðum reiknast af ætluðu aflaverðmæti hvers mánaðar. Ætlað aflaverðmæti miðast við meðalverð hverrar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefið er af Verðlagsstofu skiptaverðs. Viðmiðunin er bundin meðaltali annars til sjöunda mánaðar frá aflamánuði. Sé ekki til meðaltalsverð yfir sjávarafla skal áætlað söluverð hans reiknað út frá þorskígildishlutfalli viðkomandi tegundar samkvæmt viðmiðun Fiskistofu.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarsöluverðmætis aflans. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þýngd afurða og gjald af gámafiski reiknast af ætluðu heildarsöluverði. Kaupanda ber að afhenda höfninni skýrslu um keyptan afla og afurðir mánaðarlega, t.d. afrit af söluuppgjöri milli kaupanda og seljanda. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Seljandi afla og afurða ber ábyrgð á greiðslu aflagjalds til hafnarinnar. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt þessum flokki er kr. 4.000 á tonn og lágmarksgjald er kr. 130 í öllum flokkum.

Farþegagjald.

12. gr.

Farþegagjald er tekið af við komu og brottför farþega sem fara um hafnir Vesturbyggðar, kr. 50 á 16 ára og eldri og kr. 25 á 15 ára og yngri. Farþegar ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir þessari gjalddöku.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt útlögðum kostnaði.

Festargjöld.

14. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu eru kr. 4.900 miðað við að einn maður sinni þjónustunni á opnunartíma hafnar. Þurfi fleiri en einn mann til að sinna afgreiðslu á opnunartíma innheimtist sama gjald fyrir hvern viðbótarstarfsmann. Utan hefðbundins opnunartíma greiðist skv. útkalli.

Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.

15. gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu kr. 23.000.

Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu kr. 2.500 á klst.

Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í yfirvinnu kr. 4.500 á klst.

Sorpgjald.

16. gr.

Sorpgjald báta 0-20 brúttótonn er kr. 1.000 á mánuði.

Sorpgjald báta 20-50 brúttótonn er kr. 1.500 á mánuði.

Sorpgjald skipa yfir 50 brúttótonnum er kr. 3.500 á mánuði.

Rafmagnssala.

17. gr.

Rafmagn innheimt samkvæmt gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir landrafmagn hverju sinni, að viðbættu 3% álagi.

Vatnssala.

18. gr.

Vatnsgjald er kr. 0,15 á hvert kg landaðs afla hjá fiskibátum/skipum. Vatnsgjald reiknast kr. 150 fyrir hvert afgreitt tonn af vatni til annarra skipa.

Viktargjöld.

19. gr.

Almenn viktun kr. 90 á tonn.

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 500.

Viktun ökutækja kr. 900 hvert sinn.

Löndunar-, skráningar- og kranagjöld.

20. gr.

Löndunar- og skráningargjöld eru kr. 200 á hvert landað tonn á öll skip. Kranalyklar afhentir gegn 1.000 kr. skilagjaldi.

Leiga á gámasvæði, geymsla veiðarfæra.

21. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði, hvort sem um er að ræða gáma, veiðarfæri eða báta:

Geymslurými á malarsvæði, kr. 35 á fermeter.

Geymslurými á malbikuðu svæði, kr. 65 á fermeter.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Heimilt er hafnarvörðum að fjarlægja búnað sem þannig er ástatt um á kostnað eiganda eða beita sektum allt að kr. 2.500 á sólarhring sé óskum um að fjarlægja hann ekki sinnt.

*Önnur þjónusta.**22. gr.*

Hefðbundinn opnunartími hafnarvogar er frá kl. 8.00 til kl. 19.00 virka daga. Frá kl. 19.00 til 22.00 virka daga og frá kl. 20.00 til 22.00 laugardaga og sunnudaga skal greiða kr. 1.000 aukalega fyrir hverja löndun. Á öðrum tímum en að ofan greinir utan hefðbundins opnunartíma skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, kr. 2.500 fyrir hverja klst. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma.

Sé óskað eftir þjónustu hafnar á tímabilinu eftir kl. 23.00 til kl. 8.00 að morgni skal tilkynning um það hafa borist hafnarstarfsmanni á vakt fyrir kl. 22.00 það kvöld. Að öðrum kosti verður þjónusta ekki sinnt fyrr en eftir kl. 8.00 næsta morgun nema um neyðartilfalli sé að ræða.

*Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**23. gr.*

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningar-skírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarsjóðs.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfn. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skips standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skráningar- og þjóðernis-skírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

24. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Höfnum Vesturbyggðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Gildistaka.

25. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar var samþykkt af hafnarstjórn þann 20. júlí 2005, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar frá 3. júlí 2003.

Patreksfirði, 20. júlí 2005.

F.h. Vesturbyggðar,

Guðmundur Sævar Guðjónsson, formaður hafnarstjórnar,**Guðfinnur Pálsson**, í hafnarstjórn,**Hafþór Jónsson**, í hafnarstjórn.**AUGLÝSING****um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Ólafsvík.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Opið svæði til sérstakra nota, (U9, *Kirkjugarður*) stækkar til norðausturs á kostnað svæðis sem skilgreint er sem opið svæði.
- Svæði fyrir opinbera þjónustu, (O8, *Íbúðir aldraðra*) stækkar til vesturs á kostnað íbúðarsvæðis.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu, staðsett sunnan reits O8 breytist í blandaða landnotkun verslunar og þjónustu og opinberrar þjónustu.
- Í norðausturhorni opins svæðis til sérstakra nota, (U2, *Gilið*) afmarkast landnotkunarreitir fyrir verslun og þjónustu.
- Landnotkunarreitir opinberrar þjónustu, (O11, *Stjórnsýsla*) breytist í blandaða landnotkun íbúðarbyggðar og verslunar og þjónustu.
- Tvö samliggjandi iðnaðarsvæði, austast í byggðinni eru sameinuð og gönguleið færð ofar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, flugvallarsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Flugvallarsvæði við Eyjafjarðarbraut stækkar úr 45 ha í 103 ha, yfir svæði sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði, auk þess sem gert er ráð fyrir um 300.000 m² landfyllingu.
- Mörk þéttbýlisuppráttar færast austar og sunnar.
- Gert er ráð fyrir 1,2 ha stofnanasvæði á landfyllingu milli Drottningarbrautar og flugvallarsvæðis á móts við gatnamót við Þórunnarstræti.
- Afmörkun á verndarsvæði óshólma Eyjafjarðarár breytist og verða vestur mörk þess austan flugvallarsvæðisins.
- Reiðleið og gönguleið eftir gamla þjóðveginum færist suður fyrir flugvallarsvæðið.
- Farvegur Brunnár breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, svæði á horni Skógarlanda og Seyðisfjarðarvegur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Reitur fyrir þjónustustofnanir við gatnamót Seyðisfjarðarvegur og Skógarlanda stækkar á kostnað opins svæðis til sérstakra nota og helgunarsvæðis Seyðisfjarðarvegur.
- Ný vegtenging frá Skógarlöndum inn á svæði fyrir þjónustustofnanir.
- Fyllt verður upp í tjörn sem fyrir er á opnu svæði til sérstakra nota.
- Fyrirkomulag göngustíga um svæðið breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Óseyri, hjáleið fyrir þungaflutninga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Breytingin felst í því að Óseyri, hjáleið fyrir þungaflutninga, lengist til austurs með ströndinni og tengist Austurvegi austan íbúðarhússins nr. 24 við Austurveg og hluti Austurvegar frá Melgerði að nýrri vegtengingu fellur niður. Landnotkun á lóðinni Austurvegur 24 og svæðinu norðan hennar verður verslunar- og þjónustusvæði í stað annarsvegar íbúðar-svæðis og hinsvegar opins svæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarhraun.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, merkt Ú14 - golfvöllur Keilis, stækkar til vesturs um 16 ha og við það minnkar iðnaðarsvæði norðan álversins í Straumsvík að sama skapi. Svæði fyrir dælu- og hreinsistöð, merkt S25, við Þvottakletta fellur út og í þess stað er gert ráð fyrir dælu- og hreinsistöð fráveitu vestar á svæðinu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, miðsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, frá 1. desember 1993.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Lega Suðurnesvegur frá Breiðumýri að Norðurnesvegi verður áfram í núverandi vegstæði í stað færðslu til suðurs.
- Miðsvæði, íbúðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu norðan við núverandi Suðurnesveg breytist í blandaða landnotkun miðsvæðis og íbúðarsvæðis. Miðsvæði sunnan við Suðurnesveg er skilgreint á sama hátt.
- Íbúðarsvæði sunnan Suðurnesvegur færast saman í eina heild.
- Opið svæði til sérstakra nota vestan við Breiðumýri stækkar.
- Lega stíga breytist og þeir skilgreindir sem aðal-, útivistar- og reiðstígar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Öndverðarnes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að svæði fyrir frístundabyggð í landi Öndverðarness breytist í opið svæði til sérstakra nota (stækkun golfvallar, útivist og tjaldstæði). Við Hvítá breytist landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, Búðarstígur 4.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að lóð við Búðarstíg 4 breytist úr svæði fyrir opinberar stofnanir í svæði með blandaðri landnotkun (verslun- og þjónusta og íbúðarsvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000, stækkun viðlegukants og uppfylling á hafnarsvæði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000 frá 30. nóvember 1984.

Breytingin felst í því að ný uppfylling, allt að 35.000 m³ og 108 m lenging á viðlegukanti milli Löndunarbyggju og Miðbyggju í Vopnafjarðarhöfn er skilgreind sem iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, íbúðar- og frístundabyggðarsvæði í landi Hellatúns 1 og Lindarbæjar 1a og 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Í landi Hellatúns 1 breytist um 32 ha landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði með 2 - 4 ha lóðum. Aðkoma að svæðinu verður um þjóðveg 257, Ásveg.
- Í landi Lindabæjar 1a breytist um 8 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð með 10 lóðum. Aðkoma að svæðinu er um þjóðveg 271, Bugaveg.
- Í landi Lindarbæjar 2 breytist um 70 ha landbúnaðarsvæði í annarsvegar svæði fyrir frístundabyggð með 20 lóðum og hinsvegar í íbúðarsvæði með 8 lóðum. Aðkoma að svæðinu er um þjóðveg 271, Bugaveg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Ásahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, verslunar- og þjónustusvæði við Snæfellsveg, Borgarnesi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði suðaustan við Snæfellsveg stækkar til austurs og suðurs á kostnað athafnasvæðis og íbúðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 1985-2005, milli Hólsár og skólasvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 1985-2005, frá 2. desember 1985.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Framtíðar íbúðarsvæði er felld niður ásamt vegtengingu inn á svæðið.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu er minnkað og breytist að hluta til í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota.
- Opið óbyggt svæði sunnan, norðan og vestan svæðis fyrir verslun og þjónustu breytist í svæði fyrir frístundabyggð.
- Opið svæði til sérstakra nota og óbyggt svæði við tjaldsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Barðastaðir í Staðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að 4,5 ha landbúnaðarsvæði í landi Barðastaða breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í Vaðnesi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 47 ha landbúnaðarsvæði í landi Vaðness breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

27. júlí 2005

Nr. 747

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Tunguskeið.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Verslunar- og þjónustureitur stækkar til norðurs á kostnað reits fyrir opinberar byggingar.
- Vegtenging við Skutulsfjarðarbraut færist til norðurs.
- Suðausturhluti verslunar- og þjónustusvæðis breytist í atvinnusvæði til samræmis við þá starfsemi sem fyrir er.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Útnesvegur um Klifhraun.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að lega Útnesvegur um Klifhraun breytist og verður austan núverandi veglínu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

